





HVAR SEM ER – HVENÆR SEM ER

Stefna Þjóðskrár Íslands 2018-2021





A woman with long, straight blonde hair and blue eyes is looking slightly to her right. She is wearing a dark blue top with white polka dots and large, silver, teardrop-shaped earrings. The background is a blurred office environment with another person visible in the distance.

FRAMTÍÐARSÝN

Að veita fyrsta flokks þjónustu sem sparar viðskiptavinum spörin hvar sem er - hvenær sem er.

HLUTVERK

Að greiða götu fólks og fyrirtækja í samfélaginu og gæta upplýsinga um réttindi þeirra og eignir. Við sinnum því með því að safna, varðveita og miðla upplýsingum um fólk, mannvirki og landeignir.



Þjóðskrá Íslands rækir hlutverk sitt með því að vera miðpunktur rafrænna lausna, halda grunnskrár, reka rafrænar þjónustugáttir og meta fasteignir. Við gefum út skilríki og vottorð byggð á traustum grunni.

Við vinnum markvisst að því að koma á aukinni samvinnu á milli opinberra aðila um að samnýta upplýsingar og kerfi með snjallri upplýsingatækni.

VIRÐING

Við sýnum virðingu í verki með því að minna okkur sífellt á skyldur okkar að þjóna samfélaginu, gæta jafnræðis, hlusta á viðskiptavini og mæta þörfum þeirra.

SKÖPUNARGLEÐI

Við beitim sköpunargleði með því að vera opin fyrir nýjungum og leitum snjallra lausna til að bæta þjónustu okkar.

ÁREIÐANLEIKI

Við erum áreiðanleg og gerum ekki málamiðlanir þegar við varðveitum og miðlum réttum upplýsingum úr helstu grunnskram landsins.



GILDI

Starfsemi okkar, menning og vinnubrögð
markast af þremur gildum.


ÁHERSLUR

Til að framtíðarsýn Þjóðskrár Íslands til ársins 2021 verði að veruleika leggjum við áherslu á að vera **SKILVIRK, SJÁLFRÍÐ OG SNJÖLL**.

Þjóðskrá Íslands einsetur sér að vera upplýsingaveita sem innviðir samfélagsins reiða sig á. Fólk og fyrirtæki eiga að geta sinnt erindum sínum hvar sem er og hvenær sem er.



Áherslur sem tryggja að framtíðarsýn
Þjóðskrár Íslands verði að veruleika árið 2021



SKILVIK

- Við leggjum áherslu á að stofnunin sé nútímaleg og í fremstu röð.
- Horft er til þess að veita ávallt bestu mögulegu þjónustu á sem skemmstum tíma.
- Við komum á menningu stöðugra umbóta til að tryggja skilvirkni og hafa skýra sýn á kjarnaverkefni okkar.
- Verkefnum er forgangsraðað með þarfir og hagsmuni viðskiptavinarins að leiðarljósi.
- Samskipti grundvallast á áreiðanleika og gagnkvæmri virðingu.



EINBEITT

Kjarnaverkefni okkar eru í forgangi og við leggjum ávallt mat á hagkvæmni útvistunar verkefna.

Í árslok 2018 hefur öllum verkefnum á sviði tæknilegrar þjónustu og reksturs fyrir þriðju aðila verið útvistað og byggð upp þekking á eigin kjarnaverkefnum.

ÖGUD

Unnið er samkvæmt skjalfestum verkferlum sem eru í stöðugri þróun hjá starfsfólki í góðu samráði við viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.

Í árslok 2018 er unnið samkvæmt stöðluðu og skjalfestu verklagi með aðferðafræði straumlínuþróunar.

EFTIRSÓTT

Starfsfólk fær tækifæri til að auka þekkingu sína, hæfni og vaxa í starfi og nýtur sömu kjara fyrir sambærileg störf. Við eflum okkur í samstarfi með því styrkja eigin þekkingu og miðla henni áfram.

Í árslok 2018 er stofnunin jafnlaunavottuð.

Í könnun SFR 2019 um stofnun ársins mælist starfsánægja hjá þjóðskrá Íslands á styrkleikabili.

SJÁLFVIRK

- Þjóðskrá Íslands leggur til traustar upplýsingar og fléttar saman gögn sem eru grundvöllur réttinda borgara og ákvarðana stjórnvalda.
- Til að mæta þörfum samfélagsins tryggjum við öruggt flæði viðeigandi upplýsinga.
- Við vinnum stöðugt að umbótum kerfa og aukum verðmæti upplýsinga, meðal annars með því að opna fyrir gjaldfrjáls gögn þar sem því verður komið við.



RÉTT

Þjóðskrá Íslands tryggir að upplýsingar séu einungis skráðar einu sinni. Gögn eru endurskoðuð og leiðrétt í samvinnu við hlutaðeigandi.

Í árslok 2019 skráir Þjóðskrá Íslands engar upplýsingar í þjóðskrá eða fasteignaskrá sem hafa áður verið skráðar á rafrænt form.

Í árslok 2019 hefur aðferðafræði fasteignamats verið endurskoðuð í öllum tegundum fasteigna.

TRAUST

Grunnskrár byggja á traustum gögnum og innihalda tiltækar upplýsingar. Endurnýjun þjóðskrár er grundvöllur þess að mæta þörfum samfélagsins um nákvæmar upplýsingar um búsetu og réttindi fólks.

Í árslok 2018 verður öll hugmyndafræði og gagnalíkon sem nauðsynleg eru gagnvart endurnýjum á þjóðskrá fyrir hendi.

Í árslok 2018 eru einstaklingar skráðir niður á íbúðir og upplýsingar um fjölskylduvensl og forsjá eru aðgengilegar til að mæta þörfum samfélagsins og draga úr ríkisútgjöldum.

TILTÆK

Miðlun gagna byggir á skýrri sýn og nýjustu tækni sem tekur mið af löggjöf um persónuvernd. Samfélagið notar uppfærð og rétt gögn. Áhersla er lögð á að veita aðgang að gögnum sem nýta má til rannsókna og nýsköpunar.

Í árslok 2021 hafa allar aðgerðir á grundvelli stefnu um miðlun verið unnar.

Í árslok 2019 liggur fyrir endurgerð fasteignaskrá sem mætir þörfum allra hagsmunaaðila.

SNJÖLL

- Sjálfsafgreiðsla er allra hagur og viðskiptavinir notfæra sér hana alltaf þegar hægt er.
- Á Ísland.is er greiður aðgangur að upplýsingum og þjónustu.
- Við vinnum með opinberum aðilum og samnýtum lausnir samfélaginu til heilla.



RAFRÆN

Rafræn þjónusta er ávallt fyrsti valkostur Þjóðskrár Íslands. Viðskiptavinir geta lokið afgreiðslu sinna mála á netinu og vottorð og tilkynningar eru rafrænar.

Í árslok 2018 eru öll vottorð og tilkynningar úr þjóðskrá og fasteignaskrá afhent með rafrænum hætti á Ísland.is. Í árslok 2018 verður í boði eigin skoðun íbúðarhúsnæðis fyrir fasteignaeiganda með snjalltæki

GAGNVIRK

Á Ísland.is sinna aðilar sínum málum og eiga örugg, rafræn samskipti við stofnanir og sveitarfélög. Tilkynningar, bréf og skjöl frá hinu opinbera birtast fólki og fyrirtækjum á Ísland.is og athygli er vakin á þeim með snjöllum hætti.

Í árslok 2018 er starfrækt rafræn þjónustugátt á Ísland.is þar sem hægt er að sækja þjónustu til 15 opinberra aðila.

GLÖGG

Við leggjum ríka áherslu á að auka virði fyrir viðskiptavinum með styttri biðtíma og bættu aðgengi að upplýsingum. Það gerum við með því að setja okkur í spor viðskiptavinarins og leita leiða til þess að veita ávallt bestu upplýsingar á framsækinn og aðgengilegan hátt. Áhersla er lögð á öflug almannatengsl.

Í árslok 2018 verður komið upp nýtt framleiðslukerfi vegabréfa og annarra skilríkja til að tryggja aukinn hraða og öryggi Íslendinga á ferðalögum.

Í árslok 2018 er afgreiðslutími vegabréfa, skírteina og vottorða ekki lengri en 2 virkir dagar.



DOBIA